

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/495****2016/EES/19/09****frá 20. mars 2015****um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í
vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB***(tilkynnt með númeri C(2015) 1756) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB er kveðið á um að koma skuli upp vöktunarskrá, til að byrja með yfir allt að 10 efni eða flokka efna sem á að safna vöktunargögnum um í öllu Sambandinu í þeim tilgangi að styðja við forgangsröðun í framtíðinni, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽²⁾. Í skránni ætti að tilgreina þau fylki sem eru vöktuð og hugsanlegar greiningaraðferðir sem ekki fela í sér óhóflegan kostnað.
- 2) Í 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB eru m.a. tilgreind skilyrði og fyrirkomulag á vöktuninni vegna efnanna sem eru á vöktunarskránni, vegna tilkynninga aðildarríkjanna um vöktunarniðurstöðurnar og vegna uppfærslu skráarinnar.
- 3) Velja ætti efnin á vöktunarskránni úr þeim eignum sem fyrir liggja upplýsingar um sem benda til að af þeim geti stafað umtalsverð áhætta á vettvangi Sambandsins fyrir vatnsumhverfið, eða í gegnum það, en sem til eru ófullnægjandi vöktunargögn um, til að komast að niðurstöðu um raunverulega áhættu sem þau valda. Taka ætti til athugunar að færa mjög eitruð efni, sem eru notuð í mörgum aðildarríkjum og losuð í vatnsumhverfi en ekki eða sjaldan vöktuð, á vöktunarskrána. Í því valferli ætti að taka tillit til upplýsinga sem eru sundurliðaðar í a- til e-liðum 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB með sérstakri áherslu á nýtilkomin mengunarefni.
- 4) Vöktun á efnunum á vöktunarskránni ætti að afla hágæðagagna um styrk þeirra í vatnsumhverfi sem fullnægja þeim tilgangi að styðja áhættumatið sem rennur stöðum undir tilgreiningarinnar á forgangsefnum í aðskildri endurskoðun skv. 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Í þeirri endurskoðun ætti að taka til athugunar að færa efni, sem teljast valda umtalsverðri áhættu, á skrána yfir forgangsefni. Þá yrðu einnig fastsettar umhverfisgæðakröfur sem aðildarríkin þyrftu að uppfylla. Tillaga um að færa efni á skrána yfir forgangsefni myndi falla undir áhrifamat.
- 5) Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB ætti að færa díklófenak, 17-β-estradiól (E2) og 17-α-étínýlestradiól (EE2) á fyrstu vöktunarskrána til að safna vöktunargögnum í þeim tilgangi að greiða fyrir ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir til að takast á við áhættuna sem af þessum eignum stafar. Einnig ætti að færa estrón (E1) á vöktunarskrána þar eð efnið er niðurbrotsefni 17-β-estradióls og með efnunum er mikill efnafræðilegur skyldleiki.
- 6) Framkvæmdastjórnin aflaði gagna á árinu 2014 um ýmis önnur efni sem hægt væri að færa á vöktunarskrána. Hún hafði hliðsjón af þeim heimildum sem um getur í 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB og hafði samráð við sérfræðinga aðildarríkjanna og hópa hagsmunaaðila. Efnunum voru gefin stig. Við stigagjöfina voru einkum tekin til athugunar efni sem komust nálægt því að lenda í forgangi í þeirri endurskoðun á forgangsefnum sem síðast var lokið við en sem ekki var staðfest að yllu umtalsverðri áhættu þar eð enn vantaði vöktunargögn. Einnig var tekið tillit til nokkurra annarra efna, sem eru greind sem möguleg nýtilkomin mengunarefni, sem lítil eða engin nýleg vöktunargögn lágu fyrir um. Áhættan sem stafar af hverju þessara efna var reiknuð út frá fyrirliggjandi upplýsingum um eðlislæga hættu af þeim og váhrif þeirra á umhverfið. Váhrif voru metin út frá gögnum um umfang framleiðslu og notkunar, með hliðsjón af öllum raungögnum úr vöktun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 320/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

- 7) Viðbótargögn úr vöktunum fyrir sum af þessum efnum fundust við gagnasöfnun vegna efnanna í fyrstu skránni. Áreiðanleg, uppfærð gögn fyrir a.m.k. fjögur aðildarríki lágu fyrir og voru talin fullnægjandi til þess að færa efni ekki á vöktunarlistann. Að þessum efnum frátöldum ásamt nokkrum öðrum, sem tiltekinn efi var um að væru eitruð eða sem búist var við að hætt yrði að nota, voru eftirfarandi greind með flest stig: oxadíasón, metíókarb, 2,6-dítért-bútýl-4-metýlfenól, triallat, fjögur varnarefni með neónikótínóíði, makrólíðsýklalyfið erýtrómýsín og 2-etylhexýl 4-metoxýsinnamat. Því ætti einnig að færa þessi efni á vöktunarskrána, auðkennd með CAS- og ESB-númerum þeirra. Einnig var ákvarðað að fimmta varnarefnið með neónikótínóíði og tvö makrólíðsýklalyf til viðbótar yllu mögulega umtalsverðri áhættu. Sá möguleiki að efni sem hafa sama verkunarhátt gætu haft samlegðaráhrif rennir enn fremur stoðum undir þá tillögu að þau séu færð á vöktunarlistann um leið. Það ætti að vera mögulegt að greina neónikótínóíðana samtímis og einnig makrólíðsýklalyfin og gera þannig kleift að hópa þau saman í skránni.
- 8) Framkvæmdastjórnin hefur tilgreint mögulegar greiningaraðferðir fyrir tillögðu efnin, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB. Greiningarmörk aðferðarinnar ættu að vera a.m.k. jafnlág þeim sértæka styrk fyrir hvert efni í viðkomandi efniviði sem hefur engin fyrirsjáanleg áhrif. Ef nýjar upplýsingar leiða til lækkunar á þeim styrk tiltekinna efna sem hefur engin fyrirsjáanleg áhrif gæti þurft að lækka efstu samþykktarhæfu greiningarmörkin meðan þessi efni eru á skránni. Greiningaraðferðirnar teljast ekki fela í sér óhóflegan kostnað.
- 9) Vegna samanburðarhæfis ætti að vakta öll efni í sýnum úr heilum vatnshlotum (e. *whole water samples*). Þó væri rétt að vakta 2-etylhexýl 4-metoxýsinnamat einnig í svifryki eða seti vegna tilhneigingar þess til að skiptast yfir í þann efnivið.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Fyrsta vöktunarskráin yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu, sem um getur í 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB, er sett fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu eins og sett er fram í 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB

Heiti efnis/flokks efna	CAS-númer ⁽¹⁾	ESB-númer ⁽²⁾	Leiðbeinandi greiningaraðferð ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾	Efstu samþykktarhæf greiningarmörk (ng/l)
17- α -etínýlestradíól (EE2)	57-63-6	200-342-2	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining á miklu rúmmáli (SPE — LC-MS-MS)	0,035
17- β -estradíól (E2), estrón (E1)	50-28-2, 53-16-7	200-023-8	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	0,4
Díklófenak	15307-86-5	239-348-5	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	10
2,6-dítert-bútýl-4-metýlfenól	128-37-0	204-881-4	Fastfasaútdráttur – gas- og massagreining	3160
2-etylhexýl 4-metoxýsinnamat	5466-77-3	226-775-7	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining eða gas- og massagreining	6000
Makrólíðsýklalyf ⁽⁶⁾			Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	90
Metíókarb	2032-65-7	217-991-2	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining eða gas- og massagreining	10
Neóníkótínóíðar ⁽⁷⁾			Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	9
Oxadíasón	19666-30-9	243-215-7	Vökva-vökva-/fastfasaútdráttur (LLE/SPE) – gas- og massagreining	88
Triallat	2303-17-5	218-962-7	Vökva-vökva-/fastfasaútdráttur (LLE/SPE) – gas- og massagreining eða vökvaskiljun og massagreining	670

⁽¹⁾ Upplýsingaþjónusta um iðefni.⁽²⁾ Evrópusambandsnúmer — ekki fyrirleggjandi fyrir öll efni.⁽³⁾ Öll efni skulu vöktuð í sýnum úr heilum vatnshlotum til að tryggja samanburðarhæfi niðurstaðna frá mismunandi aðildarríkjum.⁽⁴⁾ Útdráttaraðferðir: LLE vökva-vökvaútdráttur, SPE fastfasaútdráttur. Greiningaraðferðir: GC-MS gas- og massagreining, LC-MS-MS vökvaskiljun með þrefaldri fjórskauta massagreiningu/raðgreiningu.⁽⁵⁾ Eftirfarandi greiningaraðferð er tiltekin vegna vöktunar á 2-etylhexýl 4-metoxýsinnamati í svifryki eða seti (stærð < 63 μ m): SLE (vökva-fastefnisútdráttur) – gas- og massagreining með 0,2 mg/kg sem efstu greiningarmörk.⁽⁶⁾ Erýtrómýsín (CAS-nr. 114-07-8, ESB-nr. 204-040-1), klaritromýsín (CAS-nr. 81103-11-9), asitromýsín (CAS-nr. 83905-01-5, ESB-nr. 617-500-5).⁽⁷⁾ Imíðaklóríð (CAS-nr. 105827-78-9/138261-41-3, ESB-nr. 428-040-8), þiaklóríð (CAS-nr. 111988-49-9), þíametoxam (CAS-nr. 153719-23-4, ESB-nr. 428-650-4), klóþianín (CAS-nr. 210880-92-5, ESB-nr. 433-460-1), asetamípríð (CAS-nr. 135410-20-7/160430-64-8).